

Nr. 22-033 S 026 Sólberg ÓF 1**Skipverji slasast á höfði**

Skipaskr.nr. 2917
IMO: 9774642
Smíðaður: Tyrkland, 2017, stál.
Útgerð: Rammi hf.
Stærð: 3719,5 bt.
Mesta lengd: 79,85 m Skráð lengd: 70,92 m
Breidd: 15,41 m Dýpt: 9,10 m
Vél: Wartsila, 4640 kW 2016
Fjöldi skipverja: 35



Sólberg © Brimbarinn

Gögn:
Gögn RNA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 17. mars 2023 af Geirpúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. nóvember 2021 var frystitogarinn Sólberg ÓF 1 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: NA 10-12 m/s.

Skipverjar höfðu verið að skipta um troll og gilsarnir, sem notaðir höfðu verið við verkið, héngu allir þrír yfir togþilfarinu þegar trollinu var kastað. Allir gilsarnir voru tengdir í streðarana sem staðsettir voru á skutpalli. Á svipuðum tíma kom upp bilun í færibandi á vinnsluþilfari og til að endurræsa þann búnað slökkti háseti á glussakerfi skipsins með þeim afleiðingum að vökvaprýstingur fór af streðurunum. Þeir hættu að halda við og allir þrír gilsarnir féllu niður á togþilfarið úr fimm til sjö metra hæð. Einn gilsanna lenti á höfði eins skipverjans og öryggishjálmurinn sem hann var með skemmdist og varð ónýtur.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Þrjár rafdrifnar gilsavindur voru staðsettar aftan við brú skipsins og gilskrókarnir tengdir við þrjú lítil vökvadrifin hjálparspil (streðara) sem staðsett voru aftur á skut og sáu um að draga gilsana aftur. Þegar gilsarnir voru ekki í notkun héngu þeir strekktir í láréttri stöðu fyrir ofan togþilfarið tengdir við streðarana.
- Vökvakerfið var þannig hannað að vökvaprýstingur stóð alltaf á streðurunum sem gilsavindurnar yfirunnu þegar gilsarnir voru dregnir inn.

- Samkvæmt upplýsingum frá útgerð var útsláttur á vökvakerfinu á svæði sem eingöngu var ætlað vélstjórum.
- Hjálparspilin voru á sama vökvakerfi og vökvadrifinn búnaður á vinnsluþilfari.
- Eftir slysið voru gerðar breytingar á vökvakerfinu fyrir hjálparspilin, þannig að öryggisloki var settur á vökvalögn og við þrýstifall lokast fyrir vökvasteymi að og frá þeim sem á að koma í veg fyrir að þau hreyfist og slaki niður gilssum.
- Nefndin var með til rannsóknar samskonar slys á sama skipi árið 2019 þar sem gerð var tillaga í öryggisátt með málinu til Samgöngustofu (*sjá mál nr. 19-099 S 062*). Í því tilfelli voru tímaliðar á búnaðinum ekki rétt stilltir miðað við notkun.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að hjálparspilin (streðarar) voru ekki útbúin með öryggislokum og voru því hættuleg við straumleysi.